

# ☒ Re: Ósk um umsögn - Deiliskipulagstillaga fyrir Gamla Kaupstað, Snæfellsbæ

Búið til	24.11.2021 16:15:21
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	24.11.2021 16:15:18
Tilheyrir	 202110-0026 - Deiliskipulagstillaga fyrir Gamla Kaupstað, Snæfellsbæ - ósk um umsögn

## Efni

Re: Ósk um umsögn - Deiliskipulagstillaga fyrir Gamla Kaupstað, Snæfellsbæ

## Upplýsingar

## Vinnsla

Sent	24.11.2021 16:15:18	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

## Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	valgerdur@snb.is

## Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Tilvísun í mál nr. 202110-0026 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá skipulags- og byggingarfulltrúa Snæfellsbæjar, dags. 14. október 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um deiliskipulagstillögu fyrir Gamla Kaupsstað, Snæfellsbæ.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagstillöguna og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Um er að ræða leyfi fyrir uppbyggingu tveggja nýrra frístundahúsa á jörðinni Ósakoti við Búðaós. Fyrir er eitt frístundahús og því ekki um uppbyggingu á algjörlega óröskuðu landi að ræða. Hins vegar er svæðið með hátt verndargildi vegna fjölbreytts landslags og náttúruvafars. Við Búðaós eru víðáttumikil votlendis- og leirusvæði sem falla undir 61. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013 um sérstaka vernd og þar fuglalíf fjölskrúðugt. Utan við ósinn sunnan við Ósakot eru mikilvæg búsvæði landsels. Þá setur stór sandfjaran austan við útfall Búðaóss mikinn svip á landslag svæðisins. Svæðið er því viðkvæmt fyrir aukinni uppbyggingu og aukningu á umferð.

Þá er friðlandið í Búðarhrauni rétt handan við útfall Búðaóss og ljóst að ásýndaráhrif uppbyggingar á jörð Ósakots verða töluverð frá Búðum séð. Mikilvægt er að fylgt verði tilmælum um að byggingar verði lítt áberandi og falli vel að umhverfinu.

Einnig ber að hafa í huga að Gamli Kaupsstaður liggur ekki hátt yfir sandfjörinni fyrir sunnan og hætta getur verið á strandflóðum á svæðinu, sandfoki og rofi. Eins og fram kemur í deiliskipulagstillögunni er ekki heimilt að byggja sjóvarnargarða á svæðinu og því verður að segjast að reiturinn hentar tæplega fyrir mikla uppbyggingu.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is](http://www.ni.is) (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "Valgerður Hlín Kristmannsdóttir" <[valgerdur@snb.is](mailto:valgerdur@snb.is)>

**To:** "Vegagerðin - VG" <[Vegagerdin@vegagerdin.is](mailto:Vegagerdin@vegagerdin.is)>; "ust@ust.is" <[ust@ust.is](mailto:ust@ust.is)>; "Móttaka - NI" <[Mottaka@ni.is](mailto:Mottaka@ni.is)>; "Heilbrigðiseftirlit Vesturlands" <[heilbrigðiseftirlit@hev.is](mailto:heilbrigðiseftirlit@hev.is)>; "Magnús Aðalsteinn Sigurðsson" <[magnus@minjastofnun.is](mailto:magnus@minjastofnun.is)>; "bjosve@rarik.is" <[bjosve@rarik.is](mailto:bjosve@rarik.is)>; "samgongustofa@samgongustofa.is" <[samgongustofa@samgongustofa.is](mailto:samgongustofa@samgongustofa.is)>; "Skipulagsstofnun - SLS" <[skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is)>; "vignirmar@grundarfjordur.is" <[vignirmar@grundarfjordur.is](mailto:vignirmar@grundarfjordur.is)>; "skrifstofa@vedur.is" <[skrifstofa@vedur.is](mailto:skrifstofa@vedur.is)>

**CC:**

**Subject:** Ósk um umsögn - Deiliskipulagstillaga fyrir Gamla Kaupstað, Snæfellsbæ

**Date:** 14.10.2021 14:04:54

Sæl verið þið

Óskað er eftir umsögn vegna meðfylgjandi tillögu að deiliskipulagi fyrir Gamla Kaupstað, Snæfellsbæ.

Auglýsingartími er frá 14. október – 25. nóvember 2021.

**Með kveðju,**

**Valgerður Hlín Kristmannsdóttir**

Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa

Klettsbúð 4, 360 Snæfellsbær

Sími: 433-6900, fax: 433-6901

[www.taeknadeild-snb.is](http://www.taeknadeild-snb.is) (<http://www.taeknadeild-snb.is/>)



---

**Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst.**

*Þessi tölvupóstur og viðhengi hans getur innihaldið trúnaðarupplýsingar eingöngu ætlaðar þeim sem hann er stílaður á.*

*Ef póstur þessi berst fyrir mistök þá vinsamlegast gerið sendanda viðvart og eyðið póstsendingunni.*

## Viðhengi

image002.jpg (1 MB)
image001.png (89 KB)
image003.png (5 KB)